

Námstækifæri fyrir kennara í íslensku sem öðru máli

Vegna breytinga í samfélaginu fjölga þeim sem þurfa á kennslu íslensku sem annars máls að halda. Þessi þróun kallar einnig á aukin námstækifæri fyrir framtíðakennara og þá sem þegar starfa í skólum landsins og eru með sérhæfingu í kennslu íslensku sem annars máls. Hér á eftir verður gerð grein fyrir mismunandi námstækifærum á þessu sviði og í kjölfarið gefin heildaryfirsýn yfir hagnýtt málanám í íslensku sem öðru máli og sérhæft kennaranám sem er í boði.

Hagnýtt nám er forkrafa fyrir sérhæft nám

Áður en tækifærum til kennaranáms verður lýst má geta þess að fjölmargar deildir innan Háskóla Íslands (HÍ) gera íslenskukunnáttu að inntökuskilyrði. Þessi krafa er gerð á nemendur til þess að tryggja gæði náms og er miðað við að færni háskólanema í íslensku skuli vera að lágmarki á B2-hæfnistigi samkvæmt [Samevrópskum viðmiðunarramma tungumála](#) (e. Common European Framework of Reference for Languages, CEFR). Frekari upplýsingar um forkröfur og inntökuskilyrði í grunnám á háskólastigi má sjá í [Kennsluskrá Háskóla Íslands](#).

Hvaða sérhæfða nám er í boði?

Boðið er upp á formlega menntun á sviði íslensku sem annars máls hjá nokkrum háskólastofnunum, ýmist í formi stakra námskeiða eða námsbrauta í hagnýtu námi. Á Hugvísindasviði HÍ er boðið upp á fræðilegt BA-nám í íslensku sem öðru máli þar sem nemandi tekur akademíska færni í íslensku, íslenskri sögu og menningu. Einnig er hægt að taka stakt námskeið í kennslu íslensku sem annars máls. Inntökuskilyrði í námið er að nemandi hafi náð íslenskufærni á hæfnistigi B2.

Á meistarastigi er í boði sérhæft nám bæði á Hugvísinda- og Menntavísindasviði HÍ. Við Hugvísindasvið er hægt að stunda nám í annarsmálsfræðum (MA-námi) með sérhæfingu í kennslu íslensku sem annars máls fyrir fullorðinna. Aðeins þeir sem ljúka MA-prófi eða öðru sambærilegu prófi geta skráð sig í doktorsnám í annarsmálsfræðum við sama svið en þar er áherslan lögð á rannsóknir og vísindalega þjálfun.

Einnig er hægt að sérhæfa sig í kennslu íslensku sem annars máls á Menntavísindasviði HÍ en þar er lögð áhersla á kennslu í grunn- og framhaldsskólum og endurmenntun starfandi kennara. Á þessu sviði er hægt að skrá sig í örnám, viðbótarpróf og fimm aðrar námsleiðir á meistarastigi (M.Ed. og MT-nám) fyrir kennara með leyfisbréf eða kennaranema í fimm ára háskólanámi. Doktorsnám í menntavísindum getur tengst rannsóknum á kennslu og námi í íslensku sem öðru máli í skóla- og frístundastarfi.

Auk formlegrar menntunar er einnig hægt að sækja endurmenntunarnámskeið í kennslu íslensku sem annars máls sem er utan formlegs háskólanáms. Slík námskeið eru oftast í boði kennslu- og sveitarfélaga, samtaka tungumálakennara eins og STÍL og Ísbrúar – félags kennara, sem kenna íslensku sem annað mál, og þróunarverkefnisins MEMM (menntun, móttaka, menning) sem ætlað er kennurum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi.

Yfirlit yfir námsframboð á mismunandi stigum og sviðum má finna í eftirfarandi yfirlitstöflu.

	Svið	Námsleið	Prófgráða	Markhópur
Hagnýtt nám	Fræðslumiðstöðvar, tungumálaskólar	Stök námskeið , í boði eru mismunandi lengdir námskeiða	Vottorð, staðfesting á þátttöku og fjölda tíma	Fólk á forstigi (A0) eða hæfnistigi A1–B2.
	Háskólinn á Akureyri	Íslenska sem annað mál (6 einingar), stakt námskeið í stað- og fjarnámi	Vottorð	Háskólanemar á hæfnistigi A1–A2.
	Hugvísindasvið HÍ	Hagnýtt nám (60 einingar) í stað- og fjarnámi (1 ár)	Grunndiplóma	Háskólanemar á hæfnistigi A1–B1.
	Hugvísindasvið og Menntavísindasvið HÍ	Íslenskustoð (60 einingar), hagnýtt málanám (2 ár)	Diplóma	Háskólanemar á hæfnistigi B1–B2.
Fræðilegt nám	Hugvísindasvið HÍ	BA-nám nám í íslensku sem öðru máli (180 einingar), fræðilegt bakkalársnám (3 ár)	BA-prófgráða	Háskólanemar á hæfnistigi B2–C1.
Serhæft nám	Hugvísindasvið HÍ	Annarsmálsfræði (120 einingar), fræðilegt meistaranám (2 ár)	MA-prófgráða	Fólk með BA-próf eða sambærilegt. Sérhæfing kennara í fullorðinskennslu.
	Hugvísindasvið HÍ	Annarsmálsfræði (180 einingar), doktorsnám (3 ár)	PhD-prófgráða	Fólk með MA-próf í tungumálum, almennum málvísindum, hagnýtum málvísindum, íslensku sem öðru máli eða sambærilegu námi sem vill sérhæfa sig í fullorðinskennslu.
	Menntavísindasvið HÍ	Kennsla íslensku og læsis (20 einingar), örnám á framhaldsstigi háskóla (1 ár)	Örnám	Starfsfólk í skóla- og frístundastarfi sem vill dýpka þekkingu sína í læsi og lestrarnámi fjöltyngdra nemenda og í málþroska og læsi nemenda í grunn- og framhaldsskólum.
	Menntavísindasvið HÍ	Kennsla barna með fjölbreyttan bakgrunn , (20 einingar), örnám á framhaldsstigi háskóla (1 ár)	Örnám	Starfandi kennarar sem vilja öðlast þekkingu í kennslufræði íslensku sem annars máls og tilfinningaþörfum barna og ungmenna í grunn- og framhaldsskólum.
	Menntavísindasvið HÍ	Íslenska sem annað mál (60 einingar), framhaldsnám á háskólastigi (1 ár)	Viðbótarpróf	Starfandi kennarar sem vilja sérhæfa sig í kennslu íslensku sem annars máls í grunn- og framhaldsskólum
	Menntavísindasvið HÍ	Sérhæfing í kennslu íslensku sem annars máls fyrir kennara með leyfisbréf (120 einingar), framhaldsnám á háskólastigi (1-2 ár)	MT- eða M.Ed.-prófgráða	Kennarar með leyfisbréf sem vilja sérhæfa sig í kennslu íslensku sem annars máls í grunn- og framhaldsskólum.
	Menntavísindasvið HÍ	Sérhæfing í kennslu íslensku sem annars máls í fimm ára kennaranámi (120 einingar), framhaldsnám á háskólastigi (1-2 ár)	MT- eða M.Ed.-prófgráða	Háskólanemar skráðir í fimm ára kennaranám sem vilja sérhæfa sig í kennslu íslensku sem annars máls í grunn- og framhaldsskólum
	Háskólinn á Akureyri	Ýmsar námsleiðir með íslensku sem öðru máli (240 einingar), grunnám á háskólastigi (4 ár)	BA-, BEd eða BS-prófgráða	Háskólanemar í ýmsum námsleiðum með íslensku sem öðrum máli á hæfnistigi A1–B1 sem aukagrein.
Fræðsla	Ísbrú, MEMM og aðrir aðilar	Ísbrú, MEMM , fagfélög, fyrirlestrar, jafningjaráðgjöf um málefni í kennslu íslensku sem annars máls.	-	Starfandi kennarar í skólum og frístunastarfi og fólk sem hefur áhuga á að fræðast um málefni á sviði íslensku sem annars máls á mismunandi skólastigum og í fullorðinsfræðslu.

Á hverju byggist sérhæfða námið?

Kennsla íslensku sem annars máls er frábrugðin móðurmálskennslu. Það er vegna þess að íslenska sem annað mál er kennd sem nýtt mál og krefst annarra aðferða og sérhæfni kennara m.a. í annarsmálsfræðum, máltileinkun barna og fullorðinna, fjöltyngis og fjölmeningarfærni. Það þýðir að sérhæft háskólanám og samsvarandi námstækifæri fyrir kennara á þessu sviði byggjast fyrst og fremst á tvenns konar grunni. Annars vegar byggist innihald námskeiða á grunni um kennslufræði og rannsóknir m.a. á sviði annarsmálsfræða og hins vegar samsvarar innihaldið lögum þar sem fjallað er um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Enn fremur byggist námið á löggjöf um leik-, grunn- og framhaldsskóla sem og námskrá í íslensku sem öðru máli fyrir fullorðna. Allar sérhæfðar námsleiðir á Hugvísinda- og Menntavísindasviði HÍ undirbúa nemendur fyrir frekara nám á þessu sviði.

Frekari upplýsingar um uppbyggingu náms, námskrár, stöðumat, aðgengi að stuðningi, kröfur um hæfni kennara og námstækifæri á Íslandi sem og annar staðar á Norðurlöndunum má nálgast á upplýsingasíðu um [norræn tungumál sem önnur mál – NAFO](#).

Hvað vantar til að skapa aðgengi að sérhæfðri menntun?

Í kennslu fullorðinna gera íslensk stjórnvöld enga lagalega kröfu um sérhæfða menntun kennara í íslensku sem öðru máli. Hins vegar er lagaleg krafa gerð um sérhæfða menntun kennara með kennsluréttindi í leik-, grunn- og framhaldsskólum sem m.a. nær til fjölda háskólaeininga. Til þess að koma til móts við þessar kröfur hefur HÍ boðið upp á sérhæft nám fyrir kennara í íslensku sem öðru máli og komið á laggirnar örnámi í kennslufræði með sérhæfingu á kennslu íslensku sem annars máls, diplómanámi án kennsluréttinda og auk annarra námsleiða. Námsleiðirnar veita bæði kennaranemum og starfandi kennurum tækifæri til frekari sérhæfingar og endurmenntunar í kennslu íslensku sem annars máls á grunn- og framhaldsskólastigi sem og í fullorðinsfræðslu. Til að mæta þörfum leikskólakennara var námskeiðið *málörvun í leikskóla* gert að skyldunámskeiði í B.Ed.-námi í leikskólakennarafræðum við Menntavísindasvið HÍ.

Þess má geta að kennarar héraendis hafa hvorki jafn góð tækifæri til sérhæfingar á sviði kennslu íslensku sem annars máls né aðgengi að miðlægri ráðgjöf eins og kennarar á Norðurlöndunum. Sem dæmi um slíkan stuðning má nefna [Nationellt centrum för svenska som andraspråk](#) sem stofnuð var af sænskum stjórnvöldum árið 1998 með það að markmiði að halda utan um skýra stefnu á sviði annarsmálskennslu, rannsóknir, þróun aðferða um hæfni annarsmálskennara á öllum skólastigum og í fullorðinsfræðslu þar í landi. Slíka heildstæða nálgun á annarsmálskennslu vantar hér á landi.

Þar sem íslenska sem annað mál er enn ekki opinberlega viðurkennd faggrein í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla, og umræðan og skipulagning fullorðinsfræðslu er enn ómarkviss, er enn ekki skýr stefna til um sérhæft kennaranám. Einnig vantar stefnu er varðar undirbúning kennara með kennsluréttindi sem kenna íslensku sem annað mál og sem snýr að gerð kennsluefnis fyrir nemendur í öllum skólum, á öllum aldurs- og hæfnisstigum (A0–C2) samkvæmt viðmiðunarstundatöflu í íslensku sem öðru tungumáli. Hér mætti fylgja norrænni fyrirmynd eins og greint var frá hér að ofan til að skapa betri jarðveg fyrir sérhæfða menntun og gera annarsmálskennslu hér á landi jafngilda öðrum faggreinum og fræðasviðum.

Heimildir

Evrópuráðið. 2026. [Samevrópskur viðmiðunarrámmi tungumála.](#)

Hróbjartur Árnason. 2023. [Fullorðinsfræðsla á Íslandi. Greining á stefnu og rannsóknum.](#)
Menntavísindastofnun.

Hyltenstam, Kenneth og Lindberg, Ingberg. (2004). Svenska som andraspråk – i forskning, undervisning och samhälle. Studentlitteratur.

Lög um framhaldsskóla nr. [92/2008](#).

Lög um grunnskóla nr. [91/2008](#).

Lög um leikskóla nr. [90/2008](#).

Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. [96/2019](#).

Menntamálaráðuneyti. 2008. Námskrá. Íslenska fyrir útlendinga – grunnnám.

https://mms.is/sites/mms.is/files/namskra_islenska_utlendinga.pdf

Menntamálaráðuneyti. 2010. Íslenska fyrir útlendinga – framhaldsnámskrá.

https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/mrn-pdf-namskrar/namskra_i_islensku_fyrir_utlendinga_framhald.pdf

Mennta- og barnamálaráðuneyti. 2022. *Reglugerð um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla, nr. 1355/2022.*

<https://island.is/reglugerdir/nr/1355-2022>

Mynd

Yan Krukov. Pexels.com.